

EFTIRLITSSKÝRSLA

Vinnslustöðin hf. Vestmannaeyjar



Dags eftirlits	18.3.2021	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Vinnslustöðin hf.	Eftirlitsmaður	Gottskálk Friðgeirsson
Heimili	Hafnargötu 2	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	700269-3299	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Unnar Hólm Ólafsson	ÍSAT nr.	15.20.7 Mjöl og lýsisv.
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	436194,528 327119,082

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt nýtt frávik kom fram í eftirliti og snýr það að kröfum í grein 2.8 í starfsleyfi. Þrýstiprófa skal niðurgraffnar lýsis- og olíulagnir. Lýsislagnir undir Strandveg hafa ekki verið þrýstiprófaðar.

Enn er opið frávik frá árinu 2017. Rekstraraðili er með úrbótaáætlun til 1. maí 2021 til þess að sýna fram á að notkun olíubrennara við ketil nr. 1 sé minni en 3% af keyrlutíma verksmiðjunnar.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var í vettvangsheimssókn vegna eftirlits hjá Vinnslustöðinni h.f. í Vestmannaeyjum, Unnar Hólm Ólafsson var fulltrúi rekstraraðila og Gottskálk Friðgeirsson eftirlitsmaður Umhverfisstofnunar.

Vinnslustöðin hf. er með starfsleyfi sem gefið var út af Umhverfisstofnun 17.9.2014, breytt 12. september 2019 og gildir það til 2030. Lóð verksmiðjunnar er á samþykktu deiliskipulagi hafnarsvæðisins.

Starfsleyfið heimilar framleiðslu á fiskimjöli og lýsi úr fiski, afskurði og aukaafurðum fiskvinnslu. Heimilt er að vinna úr 1200 tonnum af hráefni á sólarhring. Eins er heimil fiskflokkun og hroggnataka og að nýta frákast frá þeirri vinnslu í framleiðsluna.

Dagskrá:

- Olíu- og lýsismannvirki.
- Kröfur í starfsleyfi,
 - áætlanir, mælingar, skýrslur, tilkynningar, skráningar
- Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu - áhættumat 2021
- Önnur mál,
 - atvik, breytingar, óhöpp og kvartanir

1. Olíu- og lýsismannvirki

Farið var yfir kröfur til olíu- og lýsismannvirkja. Sex lýsisgeymar eru hjá félaginu sem er við Strandveg 82, þrí í nýlegri þró austan við verksmiðjuna (merkt Strandvegur 80B) en aðrir þrí í porti við Strandveg 81-85, handan götunnar og liggja lýsislagnir undir Strandveginn. Allir geymarnir utan lýsisgeymis nr. 3 (L3) hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum. L3 sem er í nýju þrónni við Strandveg 80B hefur ekki verið tæmdur í nokkurn tíma en áætlað er að við næstu útskipun á lýsi verði L3 tæmdur- og þykktarmældur að því loknu. Þrí olíugeymar eru á skrá félagsins sem þjóna olíukötlum. Allir geymarnir eru ofanjarðar og fylgst með þeim með sjónskoðun. Eins er einn plastgeymir í eigu Skeljungs á lóðinni, notaður undir vélaolíu.

Fjórar niðurgraffnar lýsislagnir eru í notkun. Lýsislög nr. 1 liggur úr verksmiðjunni út í lýsisþró að lýsisgeymum. Var endurnýjuð árið 2020. Lýsislög nr. 2 liggur svo frá lýsisgeymum og niður á bryggjukant (útskipunarlög), var þrýstiprófuð árið 2018. Lýsislög / -lagnir sem liggja undir Strandveginn og tengja geyma félagsins saman hefur ekki verið þrýstiprófuð nýlega og engin gögn um þrýstiprófanir liggja fyrir. Þetta er frávik frá kröfum í starfsleyfi. Kröfur til mælinga á lýsisgeymum og niðurgröfnum lýsislögnum komu fram í reglugerð nr. 884 frá 2017.

2. Kröfur í starfleyfi

Farið var yfir samantektarblað yfir fyrrí frávik og ábendingar og staða þeirra skoðuð. Frávik frá 2017 er enn opið. Ryk í útblæstri ketils nr. 1 mældist 172 mg/Nm³ sem er yfir losunarmörkum í starfsleyfi. Árið 2019 var gerð breyting á starfsleyfi verksmiðjunnar og þá heimilað að reikniformúla til að reikna út ryk í útblæstri miðaði við 9 % súrefni. Eins að losunarmörk giltu fyrrí losun frá olíubrennurum þar sem hlutfall notkunar á brennaranum væru yfir 3% af keyrlutíma verksmiðjunnar. Þar sem ketill nr. 1 er varaketill þá er verksmiðjustjóri að skrá notkun ketilsins og áætlar að hann sé notaður nógum lítið til þess að losunarmörkin gildi ekki um ketilinn. Áætlað er að skila skráningum á notkun ketils nr. 1 fyrr 1. maí nk.

Á síldarvertíð í haust voru tekin sýni í fráveitu. Um 6 milljónir lítrar af sjó fara í gengum verksmiðjuna á sólarhring, minnst af því í gengum hreinsivirkio, en mikil sjónnotkun er í þvottaturnum. Skýrsla um niðurstöður fráveitumæling barst í byrjun desember sl. Í frárennslí hreinsistöðvarinnar mældist mikil fita eða 1745 mg/L en nánast engin fita í frárennslí þvottaturns og soðkjarnatækja. Á síldarvertíð berst mikið af afskurði frá frystihúsini og álag á hreinsistöð í

frárennsli er mikið. Miðað við að 35.000 lítrar af vökva (sjó) fari í gengum hreinsivirknið á sólarhring, þá eru að tapast rúmir 60 lítrar af lýsi (fitu) á þeim tíma.

Þar sem starfsleyfið kveður á um að hámarkslosun skuli vera undir 100 mg/L og miðað skuli við heildarlosun frá verksmiðjunni þá, þegar meðaltal alls frárennsli er reiknað út, dettur meðaltal fitu niður í 10 mg/L og er því undir losunarmörkum.

Gildi fyrir svifefni og COD er líka undir losunarmörkum.

Skoðaðar voru áætlunar sem eiga að liggja fyrir; áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, viðbragðsáætlun og hreinlætisáætlun. Eins mælingagögn vegna hávaða, TVN, losunar í frárennsli og losunar til lofts. Ekki eru gerðar athugasemdir við gögnin.

3. Tíðni eftirlits og kerfisbundið mat á áhættu

Við ákvörðun á tíðni eftirlits með starfsleyfi Vinnslustöðvarinnar var áhættumat unnið og útkoman var að Umhverfisstofnun kemur í árlegt eftirlit. Áhættumatið er endurskoðað á hverju hausti og tekið mið af árangri í umhverfismálum.

4. Önnur mál

Engin mengunarhöpp hafa orðið síðan síðast var komið í eftirlit og engar kvartanir borist.

Stöðugt er unnið í viðhaldi og lagfæringum á húsnæðinu. Til stendur að byggja yfir akstursbraut yfir í mjölgeymslu.

Gengið var um verksmiðjuna og skoðaðir geymar handan götunnar og flokkun úrgangs í porti þar við hlíðina.

Skoðaðar úrbætur á lýsisþró en gert hefur verið við gat á lekavörninni.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

ákvæði í grein 2.8 í starfsleyfi

þrýstiprófa þarf lýsislagnir sem liggja undir Strandveg.

ÁBENDINGAR

Rekstraraðila er bent á að dreifa álagi á hreinsivirkni í frárennsli. Samkæmt gögnum frá verksmiðjustjóra er töpuðust allt að 60 lítrar (kg) af fitu/lýsi á sólarhring þegar unnin var síld.

Reykjavík, 10.05.2021



Gottskálk Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.